

Reykjavík, 21. janúar 2021 (HHN)

Sundaborg 1-15 - breyting á deiliskipulagi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lögð fram umsókn Sturlu Þórs Jónssonar dags. 18. desember 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Sundaborgar 1-15 og 8. Í breytingunni felst að bætt er við heimild í skilmála til að setja upp auglýsingaskilti á austurhlið Sundaborgar 1, samkvæmt uppdr. Sturlu Þórs Jónssonar arkitekts dags. 29. nóvember 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.



Kort af skipulagssjá



Götumynd af www.ja.is

Skipulagsleg staða

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Sundaborg 1-15 á skilgreindu miðsvæði (M9).

Í gildi er deiliskipulag fyrir Sundaborg 1-15 og 8 samþ. 5. júní 2001.

Umsögn/forsaga

Málið barst embætti skipulagsfulltrúa upphaflega sem umsókn dags. 28. júlí 2020. Við yfirferð kom í ljós að skiltið uppfyllti ekki kröfur samþykktar Reykjavíkurborgar um skilti. Umsækjandi vann lagfæringar á útfærslu skiltisins í samráði við embættið. Í framhaldinu var samþykkt að umsækjandi myndi vinna breytingu á deiliskipulagi til þess að heimila upplýst skilti á húsinu. Breytingin var einnig unnin í samráði við embættið.

Sótt er um að setja upp stafræn ljósaskilti á austur hlið hússins sem snýr út að Vatnagörðum 4. Í dag er óupplýst auglýsingaskilti á staðnum þar sem sótt er um að koma fyrir LED skiltinu. Skiltið sem sótt er um er um 20 m².

Umsóknin var skoðuð út frá samþykkt Reykjavíkurborgar um skilti. Samkvæmt korti sem fylgir samþykktinni er svæðið sem Sundaborg 1-15 er á merkt gult (500cd/m²). Húsið stendur jafnframt við götu þar sem ný auglýsingaskilti eru möguleg. Samkvæmt samþykktinni er leyfilegt að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti sem eru stærri en 10m² ef að fyrir sé sambærilegt skilti s.s. flettiskilti, eða ef deiliskipulag heimil slík skilti. Slík skilti megi þó ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísu og öðrum umferðarbúnaði en 20m. Samkvæmt uppfærðri teikningu uppfyllir fyrirhugað skilti fjarlægðarmörk samþykktarinnar.

Í kafla 3.3. um lýsingu segir að þegar stafræn skilti sem eru stærri en 10m² eru sett upp skuli framkvæma ljósmælingar sem hjálpa til við að stilla skiltið rétt með tillit til umhverfisbirtu svæðisins. Sjá nánar í samþykkt borgarinnar um skilti. Fara skal eftir leiðbeiningum samþykktarinnar varðandi ljósstyrk og fl.

Niðurstaða

Mælt er með því að breytingin verði auglýst.

F.h. skipulagsfulltrúa, Haukur Hafliði Nínuson